

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Fundargerð 111. fundar

111. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, þann 4. júní 2015 kl. 11:00.

Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason og Kristín Lóa Ólafsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Erindisbréf samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.
Lagt fram erindisbréf samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu dags. 1. desember 2014 sem barst framkvæmdastjórn þann 18. maí sl.
2. Eftirlit heilbrigðiseftirlita á vatnsverndarsvæðinu.
Farið var yfir árlegt eftirlit með svæðinu og helstu verkefni sem eru framundan, m.a. eftirlit með umgengni, spennum við háspennulínur og rotþróm. Einnig mun framkvæmdastjórnin skoða sérstaklega ástand vega á svæðinu.
3. Áform um byggingu víkingasvæðis við Leirtjörn í Mosfellsbæ.
Lögð fram verkefnisáætlun fyrir deiliskipulag frá desember 2014 og kynnt umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dags. 15. janúar 2015. Tillaga að skipulagi um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu gerir ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem grannsvæði. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir aukinni umferð sem gæti ógnað vatnsvernd á svæðinu en umferð er einn stærsti áhættuþáttur vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjórn tekur undir fyrrnefnda umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis þar sem m.a. kemur fram að fyrir þurfi að liggja nýjar rannsóknarniðurstöður varðandi grunnvatnsrennsli á svæðinu ef gera á breytingar á vatnsverndarsvæðinu.

Fundi var slitið kl. 12:00.